

1974 nr. 54 21. maí**Lög um Þjóðhagsstofnun**

■ **1. gr.** Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

□ [Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsetisráðherra. Ráðherra skipar forstjóra hennar til fimm ára í senn.]¹⁾

¹⁾ L. 83/1997, 7. gr.

■ **2. gr.** Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunarinnar eru þessi:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.

2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.

3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.

4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.

5. Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.

6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

■ **3. gr.** Skylt er að veita Þjóðhagsstofnuninni þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

□ Byggingarnefndir og oddvitar senda Þjóðhagsstofnun skýrslur um byggingarframkvæmdir í umdæmum sínum. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

□ Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

■ **4. gr.** Þjóðhagsstofnunin og starfsmenn hennar annast úrlausn þeirra verkefna, sem Efnahagsstofnuninni og starfsmönnum hennar eru falin í lögum nr. 69/1964, um breytingu á lögum nr. 97/1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins,¹⁾ lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun,²⁾ lögum nr. 60/1965, um Laxárvirkjun,²⁾ og orkulögum nr. 58/1967.

¹⁾ Nú l. 43/1985, ²⁾ Nú l. 42/1983.

■ **5. gr.** Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar. Skulu þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar.

¹⁾ Þátttöku Seðlabanka Íslands í greiðslu kostnaðar af starfsemi Þjóðhagsstofnunar lýkur 1. janúar 2002, sbr. l. 36/2001, 40. gr.

■ **6. gr.** . . .

■ **7. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar má setja með reglugerð.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1974.